

20. ágúst 1971.

325

Nr. 176.

AUGLÝSING

um sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt samþykktum sveitarstjórna Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, og að fenginni umsögn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og samþykki dómsmálaráðuneytisins, um að Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu verði sameinaðir, vill ráðuneytið, samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58 29. marz 1961, tilkynna eftirfarandi:

1. Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skulu vera eitt sveitarfélag, sem heitir Ísafjarðarkaupstaður.

2. Mörk hins nýja sveitarfélags skulu vera hin sömu og núverandi mörk þessara sveitarfélaga, sem ekki eru sameiginleg hreppnum og kaupstaðnum, og verður lögsagnarumdæmi kaupstaðarins í samræmi við hin nýju mörk hans.

3. Íbúar Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags, Ísafjarðarkaupstaðar.

4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Eyrarhreppi og Ísafjarðarkaupstað, skulu tilheyra hinum nýja Ísafjarðarkaupstað. Allar ábyrgðir og fjárhagslegar skuldbindingar, sem sveitarstjórnirnar kunna að gera eða hafa gert eftir 28. maí 1971, og sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þeirra fyrir yfirstandandi ár, skulu því aðeins vera bindandi fyrir hið nýja sveitarfélag, að þær hafi hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna.

5. Þangað til settar hafa verið nýjar samþykktir og reglugerðir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.

6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 3. október 1971.

7. Kosning til bæjarstjórnar hins nýja Ísafjarðarkaupstaðar skal fara fram 3. október 1971 og er kjörtími hinnar nýju bæjarstjórnar til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

8. Tala bæjarfulltrúa í Ísafjarðarkaupstað hinum nýja skal vera 9.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.